

Í/Ý-saga

Það var að koma sumar og sólin skein yfir bæinn. Hvað er þá betra en að fara saman í sund og svo fá sér ís á eftir? Það var þetta sem fjölskylda _____ ákvað að gera. En þegar þau voru öll búin í sundi og fóru yfir í ísbúðina blasti við þeim sannkölluð sorgarsjón: allur ísinn var horfinn úr búðinni, og það var ekkert eftir nema galtóm ílát og bilaðar ísvélar.

_____ var mjög vonsvikinn. "Hvar er allur ísinn?" spurði hann afgangslufólkið.

"Við vitum það bara ekki," svaraði þau. "Allt í einu var bara allur ísinn horfinn! Þetta er eins og galdrar – en auðvitað eru galdrar eru ekki til, svo að það getur ekki verið..."

"Hmmm..." sagði _____ íhugull í bragði. Hann vissi nefnilega um einn hrekkjóttan náunga sem kunnir að galdra. Hann var viss um að hér hefði vondi galdrakarlinn verið á ferðinni rétt einu sinni.

Hvað átti nú til bragðs að taka?

_____ ákvað að reyna að fá galdrakarlinn til að skila ísnum aftur. Fyrst fór hann heim með fjölskyldu sinni, en eins fljótt og hann gat læddist hann út aftur og lagði af stað í leitinni að kastala galdrakarlsins. Hann tók með sér reipi ef hann skyldi þurfa að klifra upp á fjall.

Vandamálið var bara að hann hafði ekki hugmynd um í hvaða átt hann átti að fara, svo hann settist á bekk sem var við stórt tré og andvarpaði. "Hvernig á ég að finna kastala galdrakarlsins?" sagði hann við sjálfan sig. "Ætti ég að fara til hægri eða vinstri?"

Allt í einu stukku tveir íkornar niður úr trénu og settust á axlirnar á honum.

_____ varð alveg steinhissa þegar íkornarnir fóru að tala:

"Halló, ert þú að leita að kastala galdrakarlsins?" spurðu þeir. "Við vitum nefnilega alveg hvar hann er."

"Frábært," sagði _____. "Þá getið þið kannski hjálpað mér. Ég hef annars aldrei hitt talandi íkorna áður. Hvað heitið þið?"

"Við heitum Íunn og Ýunn," svöruðu þeir.

"Ha? Íunn og Ýunn? Heitið þið það sama?" spurði _____.

"Nei, ég heiti Íunn með Í," sagði Íunn. "Og ég heiti Ýunn með upsilon-Ý," sagði Ýunn. "Það eru tveir mismunandi bókstafir en þeir hljóma alveg eins."

"Nú, en sniðugt!" sagði _____. "Ég heiti _____, og það er skrifað með venjulegu Í, ekki upsilon-Ý".

Svo lögðu þau af stað. Þau gengu lengi, lengi, yfir fjöll og firnindi, gegnum skóga og engi, fyrir firði og yfir fljót. Þau gengu meira að segja yfir jökul. Og á leiðinni yfir jökulinn heyrðu þau allt í einu einhvern hrópa: "Hjálp! Hjálp!"

Þau gengu á hljóðið, og það reyndist vera ísbjarnamma sem stóð á jöklinum og starði niður í eina jökulprunguna. "Hvað er að?" spurði _____ hana. "Æ, húninn minn rann ofan í sprunguna," sagði hún örvæntingarfull, "og nú næ ég honum ekki upp aftur."

"Ekkert mál, ég skal hjálpa þér," sagði _____. "Ég er nefnilega með reipi." Svo renndi hann reipinu niður í sprunguna og í sameiningu tókst þeim öllum að

draga upp litla ísbjarnarhúinn.

”Þakka þér kærlega fyrir, litli strákur,” sagði ísbjarnamma um leið og hún faðmaði ísbjarnarhúinn sinn að sér. ”Ef þú hefðir ekki átt leið hjá hefði húnninn minn litli kannski aldrei komist upp úr sprungunni. Að launum langar mig að gefa þér þennan töfrapoka.” Hún rétti _____ lítinn flauelspoka. ”Þokinn er þeirrar náttúru að þú getur alltaf tekið upp úr honum einmitt það sem þú þarft mest á að halda.”

_____ þakkaði fyrir sig og hélt förinni áfram með íkornunum tveimur. Innan tíðar voru þau komin niður af jöklinum og í dalinn þar sem kastala galdrakarlsins var að finna.

_____ herti upp hugann, gekk að hurðinni og bankaði.

Brátt kom galdrakarlinn til dyra. Það var greinilegt að hann hafði verið að borða ís, því að hann var allur klístraður í framan og það voru ísslettur í galdramansskikkjunni hans.

”Já, hvað vilt þú?” spurði hann dónalega.

”Ég heiti _____ og ég kom hingað vegna þess að ég vil að þú skilir strax öllum ísnum sem þú hefur stolið.”

Galdrakarlinn hló hæðnislega. ”He, he, jæja, svo að þú hefur reiknað út hver tók ísinn. Allt í lagi, ég skal skila honum. En bara ef þér tekst að leysa mjög erfiða þraut.”

”Hvaða þraut er það?” spurði _____ og var nú orðinn svolítið smeykur.

”Þú átt að láta mig fá tíu hluti sem byrja á hljóðinu Í, og það strax!”

_____ brosti og tók upp pokann sem ísbjarnamma hafði gefið honum. ”Það er nú minnsta mál í heimi!” sagði hann grobbin og rak höndina niður í pokann til að sækja fyrsta hlutinn...

[Íspinni, ýsa, íþróttaálfurinn, ýta, ílát, ís, ísbjörn, íkorni, íslenski fáninn, Ísland]

”Oh, en pirrandi!” sagði galdrakarlinn. ”Ég hélt að þetta væri miklu erfiðara verkefni fyrir þig! Jæja, taktu þá bara allan ísinn, og ég vona að þú fái magapínu af honum – alveg eins og ég!” Svo strunsaði hann inn í kastalann, og _____ byrjaði að safna saman ísnum. Hann smakkaði svolítið á öllum bragðtegundunum til að sjá hvernig ís honum þótti bestur. Uppáhaldsísinn hans var ...

Birte Harksen, maí 2008